

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1231
komudagur 5.3.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

BHS
BÓKMENNT
HANDMENNT
SIÐMENNT

Reykjavík 3. mars 2004

Óskað er umsagnar minnar um tillögu til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, 12. mál.

Tillaga um stofnun starfshóps er að mínu mati allra góðra gjalda verð og vissulega orðið tímabært að kalla saman hagsmunaaðila málsins til átaks. Tel ég þó ráðlegt að í starfshópnum verði, auk þeirra sem nefndir eru, fulltrúi frá menntamálaráðuneyti. Gera verður ráð fyrir að þar á bæ vilji menn sjá hag þessara greina vænkast.


Markmið tillögunnar eru metnaðarfull og í greinargerð koma fram skynsamleg rök og forsendur fyrir því sem gera þarf. Rétt er þó að vara við því að einblínt sé á reiknilíkanið sem sökudólg og að endurskoðun þess sé forgangsmál. Í greinargerð er sagt:

Fjárhagsvandi starfsmenntunar á rætur sínar í reiknilíkani sem notað er til dreifingar á fjármagni til framhaldsskólanna.

Þessi fullyrðing er í besta falli mikil einföldun. Sú endurskoðun sem þegar hefur farið fram á líkaninu hefur skilað verknámsskólum auknu fjármagni þótt þar sé ekki um stóra fjármuni að ræða. Þannig mætti rökstyðja hið gagnstæða. Staðreyndin er sú að reiknilíkanið hefur leitt til markvissari og faglegri vinnubragða í skiptingu fjármagns til skólanna. Vandamálið er hins vegar að fjármagnið sem ætlað er til framhaldsskólanna er ekki nægilegt. Við þær aðstæður leiðir fyrirnefnd og ráðgerð endurskoðun á reiknilíkani einungis til þess að klípa þurfi meir af einum skóla til að bæta hag annars. Hafi menn hins vegar meira fjármagn í höndum verður brýnt að skoða ýmsa þætti líkansins sem snerta starfsnám og listnám.

Í heild tel ég þó jákvætt að setja upp starfshóp um þetta málefni þar sem allir hagsmunaaðilar eiga sæti og hvet flutningsmenn til að leita álits sem víðast og kynna sér mál vel til að stuðla að árangursríku starfi hópsins.

Virðingarfyllst


Ólafur Sigurðsson
skólameistari Borgarholtsskóla

BHS